


Alþingi
Erindi nr. Þ 138/2388
komudagur 18.5.2010



FÉLAG FRAMHALDSSKÓLAKENNARA
Laufásvegi 81, 101 Reykjavík Sími 595 1111
ff@ki.is www.ki.is

Reykjavík, 17. maí 2010

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
B.t. menntamálanefndar

Umsögn Félags framhaldsskólakennara, Kennarasambandi Íslands, um þskj. 969 – 578. mál. Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 92/2008, um framhaldsskóla (skipuiag skólastarfs o.fl.)

Inngangur

Félag framhaldsskólakennara hefur frá því að efnahagshrunið átti sér stað haustið 2008 lagt mikla áherslu á við menntamálaráðherra að endurskoða þurfi gildistökuákvæði framhaldsskólalaganna sem gera ráð fyrir fullri framkvæmd haustið 2011 vegna niðurskurðar á fjárveitingum til framhaldsskóla og aðstæðna á vinnumarkaði. Efni kjarasamninga KÍ/framhaldsskóla og ríkis tengist beint inntaki og framkvæmd laganna. Hér er átt við fimm daga lengingu skólaársins, breytingar á kennslu- og prófadögum og nýtt einingakerfi. KÍ/framhaldsskóli og ríki frestuðu kjarasamningum um efni laganna um ótiltekinn tíma vegna efnahagsaðstæðna vorið 2009 með sérstakri bókun og hafa engar aðrar ákvarðanir samningsaðila komið í stað hennar. Var bókunin gerð með vitund og vilja menntamálaráðherra. Heildarsamflot og stöðugleikasáttmáli á vinnumarkaði gera heldur ekki ráð fyrir samningagerð einstakra hópa um sín sérmál. Frumvarpið er því löngu tímabær aðgerð að mati félagsins.

Félagið vill síðan benda á eftirfarandi atriði í sambandi við efni frumvarpsins:

1. Vandaður og faglegur undirbúningur skiptir höfuðmáli ef ráðist verður í sameiningu framhaldsskóla með beitingu þeirrar heimildar sem kemur fram í 1. gr. frumvarpsins. Framkvæmdin má hvorki leiða til verri aðstöðu og möguleika nemenda til skólagöngu og námsvistar en nú er né til sóunar á þekkingu og mannauði. Minnt er einnig á markmið í stöðugleikasáttmála um að varðveita störf eins og kostur er.

2. Þrátt fyrir að frumvarpið geri ráð fyrir því að framhaldsskólum verði veitt svigrúm til upptöku nýrra námsbrauta til 1. ágúst 2015 er þeim möguleika haldið „opnum að skólar innleiði nýtt nám eins og þegar er hafið í nokkrum skólum“, sbr. greinargerðin með frumvarpinu. Félagið bendir á að nú starfa tveir framhaldsskólar (Kvennaskólinn og Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ) sem tilraunaskólar um framkvæmd framhaldsskólalaga samkvæmt heimild menntamálaráðherra og fengu skólarnir sérstakar fjárveitingar í þessu skyni. Gerðir voru sérstakir kjarasamningar þar sem skólarnir fengu heimild til að lengja skólaárið um fimm daga og að breyta fyrirkomulagi kennslu- og prófadaga. Ekki var hróflað við núverandi mati á vinnu nemenda og vinnutímaskilgreiningum kennara en mögulega koma þessi mál til með að verða skoðuð í samstarfi félagsins, skólameistara og ráðuneyta. Félagið bendir á að ef fleiri skólar fá heimild til að gerast tilraunaskólar um framkvæmd laganna þurfa stjórnvöld að hugsa fyrir sérstöku fjármagni til þessa vegna nauðsynlegrar kjarasamningsgerðar. Tilraunasamningar sem hafa verið gerðir mynda að mati félagsins tiltekin lágmark í mögulegri samningsgerð við fleiri tilraunaskóla. Félagið telur samt sem áður mjög varhugavert að gefa undir fótinn með það í greinargerð frumvarpsins að fjölga mögulega tilraunaskólunum á sama tíma og kreppa og niðurskurður ríkir í hinu opinbera menntakerfi.

3. Félagið gerði fyrir nokkru könnun meðal skólameistara framhaldsskóla um áhrif niðurskurðar á fjárframlögum á hag nemenda og á skólastarfið. Var þátttaka í könnuninni mjög góð. Niðurstöðurnar sýna minni þjónustu við nemendur, s.s. í umsjón, við nemendur af erlendum uppruna, í forvarnarstarfi, félagsmálum nemenda, í erlendum samskiptum og í margskonar faglegu starfi. Mikill niðurskurður hefur átt sér stað á námsframboði skólanna og námshópar fara stækkandi sem felur í sér að minni tími er til að sinna hverjum nemanda. Flestir skólameistarar voru á því að reynt væri í lengstu lög að skera ekki niður í stoðþjónustu við nemendur, s.s. ráðgjöf. Skólameistarar voru almennt sammála um að brotthvarf frá námi væri ekki meira en verið hafi. Um önnur áhrif efnahagskreppunnar á líðan og hag nemenda sögðu fleiri að ljóst væri að fleiri nemendur en áður byggju við erfiðar aðstæður heima og að nemendum sem líði illa hafi fjölgað. Einn skólameistari komst svo að orði: „Efnahagskreppan er farin að hafa áhrif á nemendur, bæði félagslega og fjárhagslega. Fleiri nemendur hafa verið bókalausir nú í upphafi annar en við höfum áður heyrt af. Þá eru fleiri mál sem koma inn á borð námsráðgjafa vegna þunglyndis og kvíða nemenda sem rekja má til efnahagsástands heimilanna. Bæta má við að nemendur hafa t.d. miklar áhyggjur af atvinnumálum foreldra sinna, atvinnuleysi í mörgum tilfellum eða yfirvofandi hættu á atvinnumissi. Einnig eru dæmi þess að foreldrar þurfi að sækja atvinnu langt að og það hefur áhrif á líðan nemendanna og stöðu fjölskyldunnar.“ Í könnuninni var líka spurt um hvort skólarnir hefðu hrundið af stað einhverjum sérstökum ráðstöfunum til að bregðast við ákvæðum

framhaldsskólalaganna um fræðsluskyldu. Svo til flestir skólameistarar greindu frá ráðstöfunum um að nemendur yngri en 18 ára væru forgangshópur við innritun, margir nefndu að þegar kæmi að viðvörunum eða brottvikningu vegna fjarvista væri farið gætilega og reynt að halda þeim í skólunum. Þá voru nefnd mætingateymi og endurskoðun á vinnulagi þeirra sem halda utan um nemendamál, samskipti við foreldra, stofnun foreldrafélaga og auknar kröfur til félagslífs nemenda. Nokkrir nefndu líka ríkari skyldur við nemendur sem byggju í nágrenni skólans. Mjög fáir nefndu hins vegar að verið væri að undirbúa nýtt námsfyrirkomulag sem myndi henta betur breiðari hópi nemenda eins og hugsun framhaldsskólalaganna um fræðsluskyldu og framhaldsskólapróf gerir ráð fyrir.


4. Frumvarpið sýnir glögg að ekki verði til fjármunir til að framkvæma mikilvæg umbótaákvæði laganna sem miða að því að gera framhaldsskólann raunverulega fyrir alla og að fjölga þeim sem útskrifast með lokapróf úr framhaldsskóla. Félagið telur að móta þurfi tímasetta áætlun um endurheimt þess sem tekið hefur verið brott vegna samdráttaraðgerða og almennt um tímaramma fyrir umbótaáform laganna. Hér er t.d. átt við aðgerðir til draga úr skilum milli skólastiga, lögbundna og aukna ábyrgð stjórnvalda á skólagöngu framhaldsskólanema allt að 18 ára aldri, aðgerðir til að auka fjölbreytni náms og námsframboðs, ráðstafanir til þess að draga úr brottfalli og aðgerðir til að auka velferð nemenda og bæta þjónustu við þá – ekki síst við þá sem standa höllum fæti.

Lokaorð

Niðurstöðurnar úr könnuninni sem er gerð að umræðuefni í 3. lið umsagnarinnar sýna að mati félagsins mikið bakslag í getu skólanna til að halda uppi lögbundnu skólastarfi og eru þeir í raun verr staddir en fyrir setningu framhaldsskólalaganna vorið 2008. Það þarf að slaka á niðurskurðarkröfunni til framhaldsskólanna til að verja skólagöngu og námsvist ungmenna á framhaldsskólaaldri fyrir frekari áföllum en orðin eru.

Virðingarfyllt

F.h. Félags framhaldsskólakennara



Aðalheiður Steingrimsdóttir

Umsögn Félags íslenskra framhaldsskóla um þskj. 969 – 578. mál.

Félag íslenskra framhaldsskóla hefur ekki miklar athugasemdir við þetta frumvarp. Þó eru tvö atriði sem við viljum nefna:

1. Í 23. gr. gildandi laga er fjallað um námsbrautarlýsingar og gert ráð fyrir að innleiðing nýrra námsbrauta verði að fullu lokið 1. ágúst 2011. Í 5. grein frumvarpsins er gert ráð fyrir að innleiðingin frestist og verði lokið að fullu 1. ágúst 2015. Þetta virðist töluvert mikil frestun og má velta fyrir sér hvort frestunin mætti ekki vera einu ári styttri, þannig að gert verði ráð fyrir að innleiðingunni verði lokið 1. ágúst 2014.
2. Í 4. gr. frumvarpsins er fjallað um skólasöfn. FÍF leggur til að orðalagi málgreinarinnar „í tengslum við húsnæði skólasafns skal vera lesaðstaða með aðgangi að upplýsingaritum á skólasafni“ verði breytt þannig að framhaldsskólar geti skipulagt lesaðstöðu með öðrum hætti en „í tengslum við húsnæði skólasafns“. Kennsluhættir sumra framhaldsskóla gera t.d. ráð fyrir því að „lesaðstöðu“ sé dreift um skólann, en sé ekki endilega í beinum tengslum við skólasafnið.

Guðbjörg Aðalbergsdóttir
formaður Félags íslenskra framhaldsskóla



Alþingi
Erindi nr. P 138/2438
komudagur 19.5.2010

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi
b.t. menntamálanefndar
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 18.05.2010

1004006SA GB
Málalykill: 347

Efni: Umsögn um frv. til laga um framhaldsskóla, 578. mál

Samband íslenskra sveitarfélaga telur ástæðu til þess að senda menntamálanefnd umsögn um ofangreint frumvarp, þrátt fyrir að sambandið hafi ekki verið á meðal þeirra aðila sem nefndin óskaði umsagnar frá.

Frumvarpið hefur þann megintilgang að veita nauðsynlegt svigrúm til þess að bregðast við fyrirsjáanlegum samdrætti í ríkisútgjöldum til framhaldsskólans. Í fyrsta lagi er lagt til að árlegur fjöldi vinnudaga nemenda verði 175 í stað 180, eins og mælt er fyrir um í gildandi lögum. Í öðru lagi er lagt til að frestur framhaldsskóla til að setja sér námsbrautalýsingar verði til 1. ágúst 2015 í stað 1. ágúst 2011. Í þriðja lagi eru lagðar til breytingar vegna vinnustaðanáms. Í fjórða lagi er lagt til að ráðherra geti falið skólameistara fleiri en einum framhaldsskóla forstöðu.


Samband íslenskra sveitarfélaga gerir ekki efnislegar athugasemdir við frumvarpið. Sambandið gerir hins vegar mjög alvarlega athugasemd við að ekki skuli samhliða hafa verið lagt fram frumvarp um breytingar á lögum um grunnskóla, en fulltrúar sambandsins hafa ítrekað óskað eftir því við mennta- og menningarmálaráðherra að slíkt frumvarp verði lagt fram og m.a. unnið að útfærslu þess með sérfræðingum ráðuneytisins. Á fundum með ráðherra hefur komið fram sú afstaða að ráðuneytið muni ekki beita sér fyrir breytingum á grunnskólalögum nema fyrir liggja sátt um málið milli sambandsins og Kennarasambands Íslands. Viðræður milli þessara aðila, þar sem rætt hefur verið um mögulegar breytingar á lengd skólaársins og tímabundna styttingu vikulegs kennslutíma, hafa ekki leitt til annarrar niðurstöðu en þeirrar að KÍ er ekki tilbúið til neinna breytinga.

Þar sem viðræður við KÍ hafa ekki borið árangur og ráðherra hefur ekki reynst tilbúinn til að leggja fram frumvarp til að skapa sveitarfélögunum svigrúm til hagræðingar í grunnskólastarfi, telur sambandið óhjákvæmilegt að óska eftir því að menntamálanefnd leggi fram sérstakt frumvarp um breytingar á lögum um grunnskóla. Rétt er þó að fram komi að á fundi stjórnar sambandsins þann 7. maí sl. var samþykkt tillaga skólamálanefndar sambandsins um að fela formanni og framkvæmdastjóra að óska eftir fundi með mennta- og menningarmálaráðherra og ítreka bréf sambandsins til ráðherra frá nóvember 2009 um heimild til þess að víkja frá tilteknum fjárhagslegum íþyngjandi ákvæðum grunnskólalaga með tilliti til niðurskurðar í útgjöldum sveitarfélaga til þess að mæta tekjusamdrætti sem þau hafa orðið fyrir.



Um frekari útfærslu slíks frumvarps vísast til meðfylgjandi minnisblaðs formanns og framkvæmdastjóra sambandsins, sem afhent var mennta- og menningarmálaráðherra í byrjun nóvember 2009. Sérstök athygli nefndarinnar er vakin á f-lið í minnisblaðinu, en sú breyting sem þar er lögð til stafar beinlínis af breyttri forgangsörðun mennta- og menningarmálaráðuneytis og Alþingis, sem leiðir til þess að girt er fyrir það aukna flæði milli grunn- og framhaldsskóla sem gengið var út frá við samþykkt laga fyrir þessi tvö skólastig árið 2008. Þá telur sambandið æskilegt að í grunnskólalög verði bætt sambærilegri heimild og fram kemur í frumvarpinu, þess efnis að hægt verði að fela skólastjóra að veita forstöðu fleiri en einum grunnskóla.

Virðingarfyllst
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson
framkvæmdastjóri

Afrit:
Mennta- og menningarmálaráðherra



Minnisblað

Móttakandi: Mennta- og menningarmálaráðherra

Dags.: 6. nóvember 2009

Sendandi: Formaður og framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga

Málsnr.: 0911007SA

Málalykill: 400

Efni: Breytingar á grunnskólalögum, tónlistarfræðsla og íþróttá- og æskulýðsmál

1. Tímabundnar heimildir til frávika frá ákvæðum grunnskólalaga

Þessar heimildir gætu náð til skólaáranna 2010-2011 og 2011-2012.

a. Vikulegur kennslutími eftir bekkjardeildum (28. gr.)

Veitt verði heimild til að stytta vikulegan kennslutíma. Hugmynd að hámarksfrávikum:

Hugmynd að hámarksfrávikum				
Bekkardeildir	Vikulegur kennslutími skv. lögum í mínútum	Vikulegur kennslutími skv. lögum í kennslustundum	Hámarksskerðing kennslustunda á viku	Hlufallsleg skerðing að hámarki á viku
1.-4. bekkur	1.200	30	3	10%
5.-7. bekkur	1.400	35	4	11%
8.-10. bekkur	1.480	37	5	14%

Ef sveitarfélög nýta sér frávikin geta þau ef þau kjósa svo boðið á móti, t.d. yngstu nemendunum, aukna skólavist með lengdri viðveru í skólanum, félagsstörfum eða öðru. Slíkt verði ekki lögbundið.

b. Vikulegur kennslutími að meðaltáli (28. gr.)

Veitt verði heimild til að færa til vikulegt kennslumagn skv. a-lið milli vikna og mánaða þannig að viðmiðunin verði í raun meðaltalsviðmiðun kennslutímajölda á viku. Einhver mörk verður að setja á slíkan tilflutning.

c. Skóladagar nemenda (28. gr.)

Veitt verði heimild til að fækka skóladögum nemenda um allt að 10 eða úr 180 í 170. Ef heimildin fæst verði teknar upp viðræður við KÍ um breytingu á kjarasamningi í samræmi við heimildina.

d. Valgreinar á unglíngastigi (26. gr.)

Veitt verði heimild til að minnka framboð valgreina á unglíngastigi þannig að val um námsgreinar og námssvið geti orðið minna en þriðjungur námstímans.

e. Hlutfallsleg skipting milli námssviða og námsgreina (25. gr.)

Veitt verði tímabundin undanþágu frá 25. greininni, þ.e. þeim hluta sem segir til um hlutfallslega skiptingu tíma milli námssviða og námsgreina.

Skilyrði þessarar breytingar er að sveitarfélög leggi sérstaka áherslu á markmið 2. gr. og 24. gr. laganna, sem kveða á um innihald og gæði náms, verði að fullu náð.


f. Nám grunnskólanemenda á framhaldsskólastigi (26. gr.)

Mennta- og menningarmálaráðherra hefur ákveðið að við ákvörðun fjárheimilda fyrir árið 2010 verði ekki gert ráð fyrir ígildum vegna nemenda grunnskóla sem stunda nám í einstökum framhaldsskólaáföngum samhliða grunnskólanámi sínu.

Samband íslenskra sveitarfélaga telur þessa ráðstöfun óheimila án breytinga á 26. gr. grunnskólaganna þar sem kveðið er skýrt á um að grunnskólanemendur eigi rétt á að stunda nám í einstökum námsgreinum á framhaldsskólastigi meðan þeir eru í grunnskóla enda hafi þeir sýnt fullnægjandi færni.

Tillaga um framhald:

Að óformlegur starfshópur fulltrúa sambandsins og mennta- og menningarmálaráðuneytisins útfæri þessar hugmyndir frekar áður en þær verða kynntar hagsmunaaðilum eða á opinberum vettvangi. Fulltrúar sambandsins í starfshópnum verði Guðjón Bragason, sviðsstjóri lögfræðisviðs, Svandís Ingimundardóttir, skólamálafulltrúi sambandsins, og Ragnar Þorsteinsson, fræðslustjóri Reykjavíkur.



Alþingi
Erindi nr. P 138/2782
komudagur 10.6.2010

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi
b.t. menntamálanefndar

Reykjavík 04.06.2010

Austurstræti 8 – 10
150 REYKJAVÍK

1001002SA
Málalykill: 340

Efni: Álit Sambands íslenskra sveitarfélaga um rétt grunnskólubarna til náms í framhaldsskólaáföngum – tengist þingmáli nr. 578

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar óskaði í byrjun árs eftir álit frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, um rétt grunnskólubarna til þess að stunda nám í framhaldsskólaáföngum. Tílefni álitsbeiðninnar var sú ákvörðun ríkisvaldsins, í fjárlögum ársins 2010, að greiða ekki fyrir einingabært nám í framhaldsskóla sem nemendur í grunnskóla stunda á árinu á grundvelli 4. mgr. 26. gr. grunnskólalaga.

Lögfræði- og velferðarsvið sambandsins hefur nú lokið við gerð álitsins og fylgir það hjálagt, hæstviritri menntamálanefnd Alþings til kynningar.

Meginniðurstaða álitsins er að réttur grunnskólubarns skv. 4. mgr. 26. gr. grunnskólalaga sé sterkur og megi teljast lögvarinn skv. gildandi lagaákvæðum. Þá styrkir það réttinn frekar að hann styðst við ákvæði 76. gr. stjórnarskrárinnar. Sambandið telur réttarstöðu nemenda því til muna sterkari en mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur gefið til kynna í skriflegum svörum við fyrirspurnum um það efni, m.a. á vettvangi Alþingis.


Rétt er að geta þess að fulltrúar sambandsins voru í sambandi við mennta- og menningarmálaráðuneytið vegna mögulegra breytinga á 4. mgr. 26. gr. grunnskólalaga, samhliða því að breytingar yrðu gerðar á framhaldsskólalögum vegna hagræðingar í starfsemi þeirra. Sú vinna leiddi ekki til tillögu á frumvarpsformi sbr. þingmál nr. 578 sem verið hefur til meðferðar hjá menntamálanefnd, og sambandið hefur veitt umsögn um. Sambandið telur hins vegar brýna ástæðu til þess að löggjafinn taki afstöðu til þeirra tillagna um breytingar á grunnskólalögum sem fyrst voru kynntar mennta- og menningarmálaráðherra í nóvember 2009 og vikið er að í álitsgerðinni.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Guðjón Bragason

sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs



ÁLITSGERÐ

Málsnr.: 1001002SA

Dags.: 31. maí 2010

Málalykill: 340

Um rétt grunnskólabarna til þess að stunda nám í framhaldsskólaáföngum

I. Inngangur

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar hefur óskað eftir álit frá lögfræði- og velferðarsviði Sambands Íslenskra sveitarfélaga um þá ákvörðun ríkisvaldsins að greiða ekki fyrir einingabært nám í framhaldsskóla sem nemendur í grunnskóla stunda.

Álitsgerð þessi hefur lögfræði- og velferðarsvið sambandsins tekið saman í tilefni af beiðni sveitarfélagsins. Við vinnslu málsins af hálfu sviðsins var ákveðið að álit skyldi ekki einskorðast við lögfræðilega þætti heldur væri jafnframt litið til faglegra og fjárhagslegra áhrifa sem líklegt mætti telja að ákvörðunin hefði í för með sér. Þá var horft til þess að álitsgerðin gæti verið til leiðbeiningar fyrir skólastjóra grunnskóla þegar þeir bregðast við beiðnum frá nemendum um heimild til þess að stunda nám í framhaldsskólaáföngum á næsta skólaári.

Efnisskipan álitsins er þannig að í upphafi eru teknar saman helstu niðurstöður. Á eftir þessum niðurstöðukafla fylgir greinargerð um tildrög og forsendur álitsins. Þá er fjallað um lagagrundvöll og þau atriði sem ráða réttarstöðu nemenda. Í samræmi við ofangreinda afmörkun viðfangsefnisins er einnig fjallað um hugsanlegar faglegar og fjárhagslegar afleiðingar. Í síðasta hluta álitsgerðarinnar er vikið að því hvernig skólastjórar grunnskóla eigi að bregðast við beiðnum frá nemendum um heimild til þess að stunda nám í framhaldsskólaáföngum.

II. Samantekt

Um réttarstöðu nemenda

1. Í 4. mgr. 26. gr. grunnskólalaga er mælt fyrir um rétt barna í þremur efstu bekkjum grunnskóla til þess að stunda nám í framhaldsskóla samhliða námi í grunnskóla. Samkvæmt greininni er einungis áskilið að framhaldsskólanámið teljist hluti af grunnskólanáminu og að viðkomandi nemandi hafi sýnt fullnægjandi færni til að stunda námið. Að uppfylltum þessum skilyrðum veitir skólastjóri grunnskóla nemanda heimild til þess að stunda námið. Heimild skólastjóra afmarkar réttarstöðu nemandans. Í máli sem varðar beiðni um slíka heimild er tekin stjórnvaldsákvörðun. Form- og efnisreglur stjórnisýslulaga gilda því um alla meðferð og úrlausn málsins af hálfu skólastjóra grunnskóla.
2. Heimild skólastjóra til að stunda námið felur ekki í sér ákvörðun um að tiltekinn framhaldsskóli veiti þjónustu með nánar tilgreindum hætti. Af þeirri ástæðu er framkvæmd kennslunnar háð atbeina tiltekins framhaldsskóla sem ekki liggur endilega fyrir hver er þegar grunnskólastjóri veitir sína heimild. Í



lagalegu tilliti hefur atbeini hlutaðeigandi framhaldsskóla ýmis einkenni stjórnvaldsákvörðunar, en getur um leið talist til almennrar þjónustustarfsemi, sem að meginstefnu til er undanþegin gildissviði stjórnsýslulaga. Synji framhaldsskóli um viðtöku á grunnskólanemanda reynir á þessa aðgreiningu. Úrlausn á því hvorum megin hryggjar slíkt tilvik lendir byggist á greiningu þeirra lögbundnu réttinda sem um ræðir, eðli þeirra, vægi og þýðingu.

3. Ætla verður að úrlausn muni einkum byggjast á því að atbeini framhaldsskóla er óhjákvæmileg forsenda þess að réttur skv. 4. mgr. 26. gr. verði virkur. Þessi réttur er samkvæmt lögskýringargögnum einstaklingsbundinn og nær til ákveðinnar þjónustu af tilteknum gæðum á tilteknu sviði. Líta verður þannig á að þessi réttur sé sterkur og megi teljast lögvarinn. Þá styrkir það réttinn frekar að hann stýðst við ákvæði 76. gr. stjórnarskrárinnar.
4. Á móti kemur að líta megi svo á að það dragi úr vægi 4. mgr. 26. gr. að rétturinn sem þar er skilgreindur kemur sem viðbót við þann rétt sem annars er til staðar. Þar sem greinin veiti réttindi sem séu valkvæð í einhverjum skilningi, verði að telja ákvæðið þýðingarminna en ella væri. Sú er afstaða mennta- og menningarmálaráðuneytis, sem telur rétt skv. 4. mgr. 26. gr. valkvæðan og að færa megi rök fyrir því að þar sem ekki sé til staðar samningur við framhaldsskóla og námið er ekki hluti af skipulögðu námi grunnskóla sé rétturinn „ekki til staðar“. Ráðuneytið virðist einnig vísa til þess að kennsla í framhaldsskólum á grundvelli heimildar skólastjóra grunnskóla, sé háð fjárveitingum úr ríkissjóði með þeim hætti sem almennt gildi um þjónustustarfsemi ríkisins. Vísar ráðuneytið til 31. gr. grunnskólalaga, hvað þennan skilning varðar sérstaklega.
5. Ekki er hægt að slá því föstu hvernig dómstólar, eða umboðsmaður Alþingis, muni veita þessi atriði saman komi til þess. Fleiri hugtaksatriði við skilgreiningu á stjórnvaldsákvörðun kunna einnig að skipta máli í þessu sambandi. Út frá almennum skýringarsjónarmiðum myndu löglíkur þó vera fyrir því að stjórnsýslulögin og aðrar meginreglur stjórnsýsluréttar gildi fullum fetum um ákvarðanir framhaldsskólans. Gangi það eftir er réttarstaða nemenda mun sterkari en afstaða ráðuneytisins gefur til kynna og viðbúið að synjun framhaldsskóla á skráningu í framhaldsskólaáfangi verði talin ólögumæt.

Um faglegar afleiðingar

6. Sú ákvörðun að fella niður þjónustu framhaldsskóla við nemendur í efstu bekkjum grunnskóla vinnur gegn markmiðum og anda nýrrar menntastefnu um að auka flæði og samfellu milli skólastiga. Í löggjöf er lögð rík áhersla á þessi atriði, eins og endurskoðuð heildarlög um skólakerfið frá 2008 bera með sér. Grunnskólanemendum sem jafnframt stunda einingabært nám í framhaldsskóla hefur fjölgað mjög á síðustu árum og voru þeir 5,1% allra skráðra framhaldsskólanemenda haustið 2008. Ætla má að ákvörðun um niðurfellingu þjónustu muni á árinu 2010 hafa áhrif á hátt í 1.500 grunnskólanemendur sem



hver um sig stundar nám í framhaldsskólaáfangum skv. vali sem nemi a.m.k. einum áfangum.

7. Þegar grundvöllinum er kippt undan framhaldsskólanámi nemenda blasir víða mikill vandi við í grunnskólum, sérstaklega hvað varðar nemendur sem enn eiga eftir að ljúka öðru námi í 9. og 10. bekk. Rof verður í nám nemenda, sérstaklega þeirra sem stundað hafa nám í kjarnagreinum. Grunnskólakennarar hafa almennt ekki réttindi til framhaldsskólakennslu og því sjaldnast um þann möguleika að ræða. Fagleg áhrif rofs í námsframvindu þessa fjölda grunnskólanemenda verða því umtalsverð.

Um kostnaðaráhrif

8. Við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 2010 var gert ráð fyrir að ríkið myndi spara um 70 mkr. með því að fella niður þetta námsframboð. Ætla má, út frá fyrirbyggjandi gögnum um þann nemendahóp sem nýtt hefur sér framboðið, að þessi sparnaður sé varlega áætlaður og geti numið hærri fjárhæð.
9. Ljóst er að ákvörðun ríkisvaldsins er til þess fallin að auka útgjöld hlutaðeigandi grunnskóla sem gefa þarf kost á námsvali í stað þeirra framhaldsskólaáfangum sem synjun framhaldsskóla varðar. Óvíst er hver kostnaðaráhrifin nákvæmlega verða en fyrir hendi er farvegur fyrir mat á þeim.

Um viðbrögð skólastjóra grunnskóla við beiðnum

10. Berist beiðni frá nemanda um að stunda námsgrein í framhaldsskóla, er skólastjóra rétt að bregðast við með því að láta meta færni nemandans. Sé það niðurstaða mats að nemandinn hafi sýnt fullnægjandi færni í skilningi 4. mgr. 26. gr. grunnskólagalaga, er skólastjóra skylt að samþykkja beiðnina. Þetta samþykki veitir skólastjórinn hins vegar einungis fyrir sitt leyti og með fyrirvara um að framhaldsskóli finnist sem veitt geti kennsluna. Þessi fyrirvari lýtur að því hvernig kennslan er veitt og verður að líta svo á að fyrirvarinn verði sem slíkur ekki kærður til ráðuneytisins.
11. Grunnskólum er ekki skylt að tryggja grunnskólanemendum nám á framhaldsskólastigi, jafnvel þótt nemendurnir uppfylli skilyrði til þess. Framhaldsskólaáfangar verða ekki kenndir af grunnskólakennurum, nema fyrir liggi samningur milli viðkomandi grunn- og framhaldsskóla, þar sem kveðið er á um að ábyrgðin liggi hjá framhaldsskólanum. Sveitarfélög geta þannig hvorki hvorki borið faglega né fjárhagslega ábyrgð á því að nemendur eigi kost á þessari kennslu.
12. Fáir grunnskóli upplýsingar um að ekki finnist framhaldsskóli, sem veitt geti kennslu, er grunnskólanum skylt að veita hlutaðeigandi nemanda kost á námsvali í stað þeirra framhaldsskólaáfangum sem ekki verða kenndir og þannig að lágmarksviðmiðum skv. VII. kafla grunnskólagalaga verði náð. Námsvalið getur verið m.a. verið tímabundin þátttaka í atvinnulífi, félagslífi, íþróttum eða skipulögðu sjálfböðastarfi, sem metin er sem hluti af grunnskólanámi.



III. Tildrög og forsendur álitserðarinnar

1. Ákvörðun í fjárlögum 2010

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2010, sem lagt var fram á Alþingi þann 1. október 2009, kom fram að framlög til framhaldsskóla skyldu lækkuð um að jafnaði 5,5% frá fjárlögum yfirstandandi árs. Þrjár aðgerðir voru nefndar til þess að ná fram þessari lækkun framlaga: „Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að dregið verði úr framboði náms í fjarkennslu og kvöldskólum um helming, í öðru lagi er þjónusta við nemendur í 10. bekk grunnskóla felld niður og í þriðja lagi er framlag til eignakaupa í framhaldsskólum skert um helming. Þessar aðgerðir leiða til fækkunar um 821 ársnemanda í skólunum.“

Við framlagningu fjárlagafrumvarpsins mun hafa verið við það miðað að niðurfelling þjónustu við grunnskólanemendur myndi skila tæplega fjórðungi af áætluðum sparnaði vegna ársins, eða 122 mkr. Var þá gengið út frá því að niðurfellingin samsvaraði 187 ársnemendum.

Meðan frumvarpið var til meðferðar hjá þinginu var þessi útreikningur endurskoðaður af hálfu ráðuneyta og áætlað að sparnaðurinn næmi um 70 mkr. Fólst í því að niðurfellingin myndi samsvara u.þ.b. 100 ársnemendum. Var fjárlagafrumvarpið afgreitt þannig.

Forsendur útreikningsins helgast af því að fjármögnun framhaldsskólanna byggist á þreyttum prófeiningum. Miðað er við að ársnemandi þreyti próf í 35 framhaldsskólaeiningum árlega. Á bak við niðurfellingu sem samsvarar 100 ársnemendum eru samkvæmt því um 3.500 þreyttar prófeiningar. Mennta- og menningarmálaráðuneytið áætla að fjármögnun hvers ársnemanda, sem nánast eingöngu stundar bóklegar greinar, sé á bilinu 650 – 700 þús. kr. eða u.þ.b. 20 þús. kr. fyrir hverja einingu.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið heldur nemendaskrá fyrir framhaldsskólana og munu upplýsingar úr þeirri skrá liggja til grundvallar því að niðurfelling þjónustu við grunnskólanemendur samsvari u.þ.b. 100 ársnemendum. Ekki liggur á hinn bóginn fyrir hvernig nákvæmlega unnið hefur úr þeim upplýsingum. Á fundi sem haldinn var í mennta- og menningarmálaráðuneytinu þann 19. mars s.l. mátti ráða af fulltrúum ráðuneytisins að grunnskólanemendur væru ekki auðkenndir sérstaklega í skránni. Því væri ekki unnt að taka út úr skránni heildaryfirlit um fjölda grunnskólanemenda, fjölda eininga sem þeir væru skráðir í og fjölda eininga sem þeir þreyttu próf í.

Á þessum fundi kom jafnframt fram að misjafnt væri hvernig skólarnir skráðu grunnskólanemendur m.t.t. þess hvort þeir teldust stunda fjarnám. Sá skóli sem flesta nemendur er með (Fjölbrautarskólinn í Ármúla) mun til dæmis skrá þá alla eins og þeir væru í fjarnámi. Greinarmunurinn er því óljós og er ekki gengið út frá honum í þessu álit.

Af hálfu sambandsins er ekki haldið utan um það hversu margir nemendur grunnskóla stunda nám í framhaldsskóla á grundvelli 4. mgr. 26. gr. grunnskólalaga. Hafa má hins vegar í huga að skólastjórar grunnskóla veittu þær



upplýsingar á liðnu hausti að 1.530 grunnskólanemendur stundi nám á framhaldsskólastigi skólaárið 2009 – 2010.¹ Samkvæmt upplýsingum frá menntasviði Reykjavíkurborgar voru ráðgerðar skráningar í framhaldsskólaáfangu u.þ.b. 569 á haustönn 2009, langflestar í áfanga sem metnir eru til þriggja framhaldsskólaeininga (ÍSL 103, STÆ 103, ENS 103). Nokkuð er um að sami nemandinn sé skráður í fleiri en einn áfanga. Skráningar úr grunnskólum Reykjavíkur í áfanga á haustönn 2009 voru umtalsvert fleiri en á vorönn 2009 þar sem þær voru 461.²

Í þessum tölum er ekki tekin afstaða til þess hversu margar framhaldsskólaeiningar þessir nemendur þreyttu próf í en hafa má til hliðsjónar að vorið 2009 luku 330 grunnskólanemendur í Reykjavík framhaldsskólaáföngum, einum eða fleirum.³ Algengustu áfangarnir eru metnir til þriggja framhaldsskólaeininga og samkvæmt því hafa grunnskólanemendur í Reykjavík einni lokið um 1.000 framhaldsskólaeiningum á vorönn 2009.

Að teknu tilliti til þessara upplýsinga verður að telja það fremur lága áætlun á hálfu mennta- og menningarmálaráðuneytis að niðurfelling þjónustu við grunnskólanemendur samsvari einungis 100 ársnemendum eða 3.500 framhaldsskólaeiningum. Verður að telja að fyrirbyggjandi upplýsingar gefi vísbendingu um að niðurfelling þjónustu hafi áhrif á nám hátt í 1.500 grunnskólanemenda sem hver um sig stundi nám í vali framhaldsskólaáfanga sem nemi a.m.k. einum áfanga.

Af þessum ástæðum verður í þessari álitsgerð miðað við að áhrif ákvörðunarinnar fyrir fjárhag ríkisins verði að lágmarki 70 mkr. sparnaður vegna ársins 2010.

2. Viðbrögð við ákvörðun um lækkun framlaga til framhaldsskóla

Samband Íslenskra sveitarfélaga brást þegar við fjárlagafrumvarpinu enda taldi sambandið blasa við að ákvörðun um að fella niður þjónustu við grunnskólabörn hefði áhrif á fjárhag sveitarfélaganna. Tóku formaður og framkvæmdastjóri sambandsins málið upp við mennta- og menningarmálaráðherra á fundi þann 6. nóvember í samhengi við önnur atriði sem snertu fjárhagsstöðu grunnskólans. Eftir þennan fund varð að ráði að sambandið myndi senda ráðuneytinu tillögur sínar.

Tillögur sambandsins bárust ráðuneytinu þann 2. desember 2009 undir yfirskriftinni „Frekari hagræðing í starfi grunnskólanna – leiðir og útfærslur vegna skólaáranna 2010 – 2011 og 2011 – 2012“⁴. Er í 6. lið tillagnanna fjallað um nauðsyn þess að að breyting verði gerð á rétti grunnskólanemenda til náms í framhaldsskólaáföngum.

¹ Könnun meðal skólustjóra á innleiðingu og framkvæmd laga um grunnskóla, unnin af Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið, bls. 18. Sjá: http://bella.mrn.stjr.is/utgafur/Skyrsla_grunnskolar_loka_01.03.10.pdf.

² Upplýsingar frá menntasviði Reykjavíkurborgar (tölvupóstur frá Hallgerði Ingu Gestsdóttur dags. 14. maí 2010)

³ Ársskýrsla Menntasviðs Reykjavíkurborgar 2008, bls. 24, 25 og 26.

Sjá: http://www.reykjavik.is/Portaldata/1/Resources/menntasvid/rsskyrsla_menntasvids_2008.pdf

⁴ Sjá: <http://www.samband.is/media/skolamal/Frekari-hagraeding-i-starfi-grunnskolanna.pdf>.



Þá óskaði sambandið eftir því, með erindi dags. 18. nóvember 2009, að starfshópur sem skipaður var á sínum tíma til að meta kostnaðaráhrif nýrra laga um leikskóla og grunnskóla tæki til mats hver kostnaðaráhrif hljótist af 4. mgr. 26. gr. grunnskólalaga fyrir sveitarfélögin. Fundur var haldinn í ráðuneytinu vegna þessa erindis þann 19. mars 2010 en umræðu um málið er ekki lokið.

3. Afstaða mennta- og menningarmálaráðuneytis

Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur ekki brugðist formlega við tillögum sambandsins. Ráðuneytið svaraði á hinn bóginn fyrirspurn frá Reykjavíkurborg um þetta efni þar sem fram kemur m.a. að færa megi rök fyrir því að þar sem ekki liggja fyrir samningur við framhaldsskóla og námið er ekki hluti af skipulögðu námi grunnskóla sé réttur skv. 4. mgr. 26. gr. „ekki til staðar“.⁵

Mennta- og menningarmálaráðherra svaraði einnig fyrirspurn á Alþingi, með skriflegu svari þann 23. mars 2010, um nám grunnskólabarna í framhaldsskólum. Þar eru flest sömu efnisatriði og í svarinu við fyrirspurn Reykjavíkurborgar, en réttur skv. 4. mgr. 26. gr. er þar sagður „takmarkaður“.⁶ Ennfremur kemur fram að niðurskurður þessarar kennslu á fjárlögum sé leið til þess „að standa vörð um grunnþjónustu við nemendur á framhaldsskólaaldri“. Þá hefur ráðherra lýst því á opinberum vettvangi⁷ að kennsla grunnskólanemenda sé viðbótarþjónusta og ekki hluti af kjarnastarfsemi framhaldsskólanna. Má af því ráða að ráðuneytið telji það ekki vera lögbundna skyldu framhaldsskólanna að veita þessa kennslu og kosta hana af fjárveitingum sem skólarnir fá.

Mennta- og menningarmálaráðherra mælti þann 30. apríl 2010 fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 92/2008, um framhaldsskóla.⁸ Frumvarpið hefur þann tilgang að veita nauðsynlegt svigrúm til þess að bregðast við fyrirsjáanlegum samdrætti í ríkisútgjöldum til framhaldsskólans. Er í því skyni m.a. lagt til að fjölgun um fimm daga á skólaári frá því sem var í eldri lögum, nr. 80/1996, um framhaldsskóla komi ekki til framkvæmda.

Við vinnslu frumvarpsins mun hafa verið skoðað í ráðuneytinu að breyta samhliða 26. gr. grunnskólalaga, en sú skoðun leiddi ekki til tillögu á frumvarpsformi.

IV. **Lagagrundvöllur**

1. Um réttarstöðu nemenda og heimild skólastjóra grunnskóla

Í 26. gr. laga nr. 91/2008, um grunnskóla, er fjallað um val í námi. Segir þar í upphafsmálgrein að frá upphafi grunnskóla skuli nemendur eiga val í námi sínu, svo sem um viðfangsefni, námsaðferðir og námsgreinar, í samræmi við viðmið í aðalnámskrá grunnskóla og skipulag skóla. Er áherslan á það markmið að gera

⁵ „Svar við fyrirspurn um rétt grunnskólanemenda til að stunda nám á framhaldsskólastigi, skv. 26. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008.“ sbr. afrit sem barst til Sambands Íslenskra sveitarfélaga þann 12. febrúar 2010. Svárið er ódags. og ekki aðgengilegt á vef ráðuneytis.

⁶ 297. mál, þingskjal 832, sjá: <http://www.althingi.is/altext/138/s/0832.html>

⁷ Svör mennta- og menningarmálaráðherra við fyrirspurnum á Skólaþingi Sambands Íslenskra sveitarfélaga, höldnu 2. nóvember 2009.

⁸ 578. mál, þingskjal 969, sjá: <http://www.althingi.is/altext/138/s/0969.html>



nemendur ábyrga fyrir eigin námi og skapa sveigjanleika í skólastarfi. Sérstaklega er mælt fyrir um að hluti náms geti verið fjarnám og netnám.

Í 2. mgr. ákvæðisins er tekið fram að nemendur í 8., 9. og 10. bekk skuli eiga kost á vali um námsgreinar og námssvið í um „þriðjungi námstímans.“ Í 3. mgr. er mælt fyrir um heimildir til þess að meta skipulagt nám sem stundað er utan grunnskóla og til að meta tímabundna þátttöku í atvinnulífi, félagslífi, íþróttum og á fleiri sviðum, sem nám enda falli það að markmiðum skólastarfs.

Um rétt á vali í framhaldsskólaáföngum segir síðan orðrétt í 4. og 5. mgr. 26. gr.:

„Grunnskólanemendur eiga rétt á að stunda nám í einstökum námsgreinum á framhaldsskólastigi meðan þeir eru í grunnskóla enda hafi þeir sýnt fullnægjandi færni. Skólastjóri í grunnskóla veitir nemanda heimild til slíks náms utan skólans samkvæmt viðmiðum sem sett skulu í aðalnámskrá. Ákvörðun skólastjóra samkvæmt þessari málsgrein lýtur ákvæðum stjórnáskrár.“

Heimilt er að kæra synjun um mat á námi eða beitingu heimildar samkvæmt þessari grein eftir fyrirmælum 47. gr. Í úrskurði getur menntamálaráðuneyti lagt fyrir skólastjóra grunnskóla að veita nemanda heimild til náms á framhaldsskólastigi skv. 4. mgr.“

Í almennum athugasemdum með frumvarpi því sem varð að lögum um grunnskóla er m.a. að finna eftirfarandi ummæli⁹:

„Á undanförunum árum hefur orðið hröð þróun í þá átt að nemendur á grunnskólaaldri stunda samtímis nám á grunn- og framhaldsskólastigi og hafa ýmsar tilraunir verið gerðar í þeim efnum. Skólaárið 2006–2007 stunduðu um 1.300 grunnskólanemendur eitthvert nám á framhaldsskólastigi. Frumvarpið kveður skýrar á um framkvæmdina. Í því er kveðið á um rétt nemenda til að stunda nám í einstökum námsgreinum á framhaldsskólastigi að loknu grunnskólanámi í viðkomandi greinum. Til að tryggja samfellu og til að stuðla að velferð barna er í frumvarpinu lagt til að sveitarfélög leggi áherslu á virk tengsl og miðlun upplýsinga milli leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, m.a. í tengslum við sérfræðipjónustu.“

Þá segir í skýringum við 4. mgr. 26. gr. frumvarpsins:¹⁰

„Á undanförunum árum hefur færst í vöxt að nemendur stundi nám samhliða í grunnskóla og framhaldsskóla og hefur ríkt nokkur óvissa um framkvæmdina, t.d. hvernig eigi að skipta kostnaði vegna slíkrar tilhögunar. Hér er gengið út frá því að skólastjóri grunnskóla geti heimilað slíkt, enda sé það gert á forsendum grunnskólans sem ber ábyrgð á nemandanum á meðan hann er á skyldunámsaldri, nema viðkomandi

⁹ <http://www.althingi.is/altxt/135/s/0319.html>.

¹⁰ <http://www.althingi.is/altxt/135/s/0319.html>. Tekið skal fram að ekki var gerð nein breyting á 4. og 5. mgr. 26. gr. í meðförum þingsins á frumvarpinu. Þá var ekki vikið á ákvæðinu í ítarlegu nefndaráliti menntamálanefndar.



nemandi fari í framhaldsskóla að loknum 9. bekk. Gert er ráð fyrir að samkomulag liggi fyrir milli viðkomandi grunnskóla og framhaldsskóla um framkvæmdina. Gera þarf samning milli ríkis og sveitarfélaga um framkvæmdina þegar nemendur stunda samtímis nám í grunn- og framhaldsskóla. Í samningnum þarf m.a. að koma fram að nemandinn sé á ábyrgð grunnskólans og að samræming á námi nemandans sé á ábyrgð grunnskólans. Jafnframt þarf að skýra ákvæði um kostnaðarskiptingu, t.d. kennslukostnað, innritunarkostnað, bókakaup og gjaldtökuheimildir, og að það sé á ábyrgð grunnskólans að útskrifa nemandann og meta hvort hann hafi lokið grunnskólanámi. Heimild skólastjóra til þess að veita nemanda leyfi til þess að stunda nám utan skóla verður að byggjast á þeim sjónarmiðum að nemandi hafi lokið námi í viðkomandi grein þar sem það á við eða sýnt fullnægjandi færni. Gert er ráð fyrir því að í aðalnámskrá verði að finna viðmið sem lögð verði til grundvallar ákvörðun skólastjóra. Réttur nemanda til þess að stunda nám samkvæmt greininni tekur einvörðungu til náms sem talist getur hluti af grunnskólanámi hans. Um skiptingu kostnaðar milli grunnskóla og framhaldsskóla sem af því hlýst fer samkvæmt fyrirætlum 31. gr.“

Af orðalagi 4. mgr. 26. gr. og tilvitnuðum ummælum í greinargerð verður ráðið að sá réttur sem ákvæðið mælir fyrir um taki til nemenda í 8., 9. og 10. bekk. Þessum hópi er veittur tiltekinn réttur sem ákvæðið bindur einungis þeim skilyrðum að nemandi hafi sýnt fullnægjandi færni og að námið sé hluti af grunnskólanámi hans. Þá er ljóst af því sem vitnað er til hér að framan, að réttur skv. 4. mgr. 26. gr. er einstaklingsbundinn, veittur í skýrum lögmæltum tilgangi og þannig að hann nái til ákveðinnar þjónustu af tilteknum gæðum á tilteknu sviði.

Samkvæmt framsetningu ákvæðisins gerir það ekki ráð fyrir öðru en því að rétturinn verði virkur með því að skólastjóri grunnskóla veiti heimild á grundvelli mats er fara á fram samkvæmt viðmiðum sem sett skulu í aðalnámskrá. Þá er sérstaklega mælt fyrir um það að ákvörðun skólastjóra lúti ákvæðum stjórnáskrálaganna. Heimild skólastjóra er því lagalegs eðlis og afmarkar réttarstöðu nemandans. Af því leiðir að í máli sem varðar beiðni um slíka heimild er tekin stjórnvaldsákvörðun þar sem form- og efnisreglur stjórnáskrálaganna gilda um alla meðferð og úrlausn málsins af hálfu skólastjóra grunnskóla, eins og áréttað er í niðurlagi 4. mgr. og 5. mgr.

2. Um atbeina framhaldsskóla

Heimild skólastjóra til að stunda námið er almenn og felur ekki í sér að tiltekinn framhaldsskóli veiti þjónustuna með nánar tilgreindum hætti. Af þeirri ástæðu er útfærsla og framkvæmd þjónustunnar háð atbeina tiltekins framhaldsskóla sem ekki liggur endilega fyrir hver er þegar grunnskólastjóri veitir sína heimild.

Ekki verður ráðið af 4. mgr. 26. gr., eða lögskýringargögnum með þeirri grein, hvaða þýðingu þessi atbeini framhaldsskóla hafi í lagalegu tilliti. Af tilvísun til 31. gr. í greinargerð með frumvarpinu má hins vegar ætla að löggjafinn hafi hugsanlega ekki ætlað réttinum að vera fortakslaus til þess að stunda nám í hvaða



framhaldsskóla sem er. Þetta helgast af því sem segir í 2. mgr. 31. gr. laga um grunnskóla:

„Nú stundar grunnskólanemandi nám í framhaldsskóla sem skilgreint er sem hluti náms í grunnskóla, og fer þá um kostnað vegna kennslu á framhaldsskólastigi eftir ákvæðum laga um framhaldsskóla. Sveitarfélög greiða þá kostnað vegna námsgagna og innritunar og eftir atvikum efnisgjald. Um nánari framkvæmd og fyrirkomulag skal samið milli hlutaðeigandi grunn- og framhaldsskóla.“

Enda þótt 31. gr. varði samkvæmt efni sínu fyrst og fremst kostnaðarskiptingu milli stjórnvalda, er í skýringum með því ákvæði á frumvarpstigi vikið skýrlega að því hvaða tilvik falli undir 4. mgr. 26. gr. þar sem segir¹¹:

„Nám grunnskólanemenda í framhaldsskólaáföngum getur í eðli sínu verið þrens konar. Í fyrsta lagi getur verið um að ræða nám sem skipulagt er af grunnskólum samkvæmt samkomulagi við framhaldsskóla. Þá greiðir ríkið kennslukostnað vegna áfanga sem nemandinn tekur og fær metna síðar sem hluta af framhaldsskólanámi. Sveitarfélögin greiða kostnað vegna námsgagna og innritunarkostnað nemenda í framhaldsskóla, enda er námið einnig metið sem hluti af skyldunámi, t.d. sem valgrein, og skal því vera nemendum að kostnaðarlausu, sbr. 3. og 4. mgr. 26. gr. Þegar um þetta er að ræða skulu sveitarfélag og framhaldsskóli gera með sér samkomulag. Í öðru lagi geta nemendur tekið einstaka námsáfanga í framhaldsskóla sem viðbót við grunnskólanám. Þá greiðir ríkið fyrir kennslukostnað og nemandinn greiðir fyrir námsgögn og innritunarkostnað, enda er námið ekki metið sem hluti af grunnskólanámi, en með þessum hætti getur nemandi flýtt fyrir sér í námi og fengið viðfangsefni við hæfi í einstökum greinum þótt hann að öðru leyti stundi nám í grunnskóla. Loks er möguleiki að nemandi óski eftir því að fá nám í einstökum framhaldsskólaáföngum metið sem valgrein, en að öðru leyti er námið ekki skipulagt í samstarfi grunnskóla og framhaldsskóla. Þá er sveitarfélögum ekki skylt að greiða kostnað sem af náminu hlýst, sbr. ákvæði 26. gr. frumvarpsins.“

Þar sem þessum skýringum sleppir verður að leggja almenn sjónarmið til grundvallar svari við þeirri spurningu hvaða þýðingu atbeini framhaldsskóla hafi í lagalegu tilliti. Ljóst virðist að þar reyni einkum á það hvort telja beri þennan atbeina varða réttindi og skyldur nemandans eða hvort um sé að ræða það hvernig þjónusta er veitt. Aðgreiningin á þessu tvennu hefur þýðingu, þar sem fyrri skilningurinn leiðir til þess að um stjórnvaldsákvörðun sé að ræða stjórnslulög og meginreglur stjórnsluréttar gildi um aðkomu framhaldsskólans, meðan sá síðari myndi að öllu jöfnu fella stjórnslu framhaldsskólans undan gildissviði stjórnslulaganna með þeim rökum að um sé að ræða almenna þjónustustarfsemi ríkisins (d. faktisk forvaltningsvirksomhed).

¹¹ <http://www.althingi.is/altext/135/s/0319.html>.



Ef framhaldsskóli synjar grunnskólanemanda um að stunda nám í áföngum sem heimild skólastjóra nær til, myndi niðurstaðan um lögmæti þess gernings byggjast á greiningu þeirra lögbundnu réttinda sem um ræðir, eðli þeirra og vægi.¹² Þá mun það án vafa hafa veruleg áhrif á niðurstöðuna að atbeini framhaldsskóla er óhjákvæmlega forsenda þess að réttur skv. 4. mgr. 26. gr. verði virkur.

Þá er það líka mikilvæg forsenda fyrir niðurstöðu að skýr ábyrgðarskil eru lögum samkvæmt milli skólastíganna. Þannig ber ríkið bæði faglega og fjárhagslega ábyrgð á námi í framhaldsskólum. Leiðir það m.a. til þess að framhaldsskóla-áfangar verða ekki kenndir af grunnskólakennurum, nema fyrir liggja samningur milli viðkomandi grunn- og framhaldsskóla, þar sem kveðið er á um að ábyrgðin liggja hjá framhaldsskólanum.¹³ Samkvæmt þessu er ljóst að sveitarfélögin geta hvorki borið faglega né fjárhagslega ábyrgð á því að tryggja grunnskólanemendum nám á framhaldsskólastigi, jafnvel þótt nemendurnir uppfylli skilyrði til þess.

3. Hversu þungt vegur réttur grunnskólanemandans?

Eins og að framan greinir er réttur grunnskólanemenda skv. 4. mgr. 26. gr. einstaklingsbundinn og nær til ákveðinnar þjónustu af tilteknum gæðum á tilteknu sviði. Ákvörðunum sem teknar eru á grundvelli 4. mgr. 26. gr. er þannig ætlað að hafa tiltekin réttaráhrif, í samræmi við tilgang ákvæðisins, þ.e. að réttur skv. ákvæðinu verði virkur. Hafa ber í huga í því sambandi að samkvæmt kenningum fræðimanna tekur réttur af þessum toga ekki einungis til þeirra gæða sem menn eiga lögvarinn rétt til, heldur einnig til þess sem stjórnvöldum er heimilt en ekki skylt að veita.¹⁴

Varðandi það hvernig rétturinn skuli tryggður er bent á að í skýringum með áðurtilvitnaðri 31. gr. í frv. til grunnskólalaga er sérstaklega vikið að rétti til menntunar skv. stjórnarskránni þar sem segir:¹⁵

„Greinin er að mestu efnislega samhljóða 33. gr. gildandi laga þar sem megin sjónarmiðið er að kennsla í skyldunámi í opinberum grunnskólum skuli vera nemendum að kostnaðarlausu, svo og námsgögn, þjónusta og annað efni sem nemendum er gert skylt að nota í námi sínu. Sama á við um nám grunnskólanemenda í framhaldsskólaáföngum, enda sé námið hluti af námi í grunnskóla. Í orðsendingu menntamálaráðuneytisins til sveitarfélaga og hagsmunaaðila 21. september 2007 eru þessi megin-sjónarmið áréttuð. **Er þá m.a. horft til ákvæða stjórnarskrár um jafnræði og rétt til almennrar menntunar.** Eðli málsins samkvæmt er tekið fram að um kostnað vegna náms grunnskólanemanda í framhaldsskóla fari samkvæmt ákvæðum laga um framhaldsskóla hvort sem það fer fram á vegum grunn- eða framhaldsskóla en ríki og sveitarfélög semji um kostnaðarskiptinguna.“

¹² Um skilin á milli stjórnvaldsákvæðana og þjónustustarfsemi sjá: Páll Hreinsson (2005), *Hæfisreglur stjórnarsýslulaga*, bls. 162 – 165.

¹³ Sjá niðurlag í svari við spurningu 2: <http://www.althingi.is/alttext/138/s/0832.html>

¹⁴ Sjá Páll Hreinsson (2005), bls. 162.

¹⁵ <http://www.althingi.is/alttext/135/s/0319.html>.



Sú tilvísun sem hér er feitletruð verður ekki skilin á annan hátt en þann að réttur grunnskólanemenda til náms í framhaldsskólaáföngum styðjist við 2. mgr. 76. gr. stjórnarskrárinnar, sem hljóðar svo:

„Öllum skal tryggður í lögum réttur til almennrar menntunar og fræðslu við sitt hæfi.“

Í skýringum við þetta ákvæði sem kom inn í stjórnarskrá með 14. gr. stj. skl. nr. 97/1995, sagði svo:

„Tryggingin, sem er ætlast til að þessi regla veiti, er einkum sú að ekki megi útiloka neinn frá almennri menntun með reglum um fjöldatakmarkanir eða samsvarandi hindranir við námi, auk þess að engan mætti útiloka frá almennri menntun með því að áskilja greiðslu skólagjalda fyrir hana. Réttur til menntunar er að nokkru leyti tryggður með núgildandi 71. gr. stjórnarskrárinnar. Sá réttur gengur þó miklum mun skemur en ráðgert er í þessu ákvæði frumvarpsins því þar er aðeins kveðið á um skyldu til að sjá börnum fyrir menntun af almannafé ef foreldrar þeirra hafa ekki efni á að veita þeim hana eða þau eru munaðarlaus og öreigar.

Tilvísunin til jafnræðisákvæðis stjórnarskrárinnar er ekki síður þýðingarmikil. Er augljós sú ætlun löggjafans að tryggja að réttur grunnskólanemenda til náms í framhaldsskólaáföngum væri almennur og að ekki verði beitt tilviljunarkenndri skerðingu á þeim rétti. Áskilnaður jafnræðisreglunnar um brýna nauðsyn og málefnaleg sjónarmið gilda hér einnig fullum fetum.

Í svörum mennta- og menningarmálaráðuneytisins kemur fram að „fyrir fram“ megi ætla að þau sjónarmið að skerða möguleika á vali í námi á grundvelli samdráttar í ríkisútgjöldum og takmörkuðum möguleikum til innritunar nemenda í framhaldsskóla séu málefnaleg. Þetta er hins vegar ekki rökstutt nánar né heldur hvernig takmörkunin fær samrýmst jafnræðisreglu, en sú ráðagerð kemur fram í svörunum að einhverjir framhaldsskólar muni áfram bjóða upp á fjarnám fyrir grunnskólanemendur í samstarfi við grunnskóla, þótt þeir fái ekki til þess sérstakt framlag úr ríkissjóði.

Að teknu tilliti til þessara atriða verður að líta þannig á að réttur grunnskólabarna til þess að stunda nám í framhaldsskólum megi teljast lögvarinn. Þá styrkir það réttinn enn frekar að hann styðst við ákvæði 76. gr. stjórnarskrárinnar. Hafa ber þó þar í huga að þýðing ákvæðisins fer eðli málsins samkvæmt eftir nánari skýringu á því hvað teljist „almenn menntun“ og „við sitt hæfi“. Væntanlega má rökstyðja að jafnvel þótt 4. mgr. 26. gr. væri tekin út úr lögunum, stæði eftir að grunnskólabörn fengju almenna menntun við sitt hæfi. Það leiðir því ekki af 76. gr. stjórnarskrárinnar að sveitarfélög tryggi ekki börnum almenna menntun í því ástandi sem skapast hefur með ákvörðun ríkisvaldsins. Spurningin er enda fyrst og fremst hvort fyrir hendi sé lögbundin skylda framhaldsskólanna að veita þessa kennslu og kosta hana af fjárveitingum sem skólarnir fá.

Hvað sem öðru líður er ljóst að réttur samkvæmt 4. mgr. 26. gr. hefur sterka stöðu samkvæmt lögum. Slíkur réttur verður ekki skertur nema brýna nauðsyn beri til og á grundvelli málefnalegra sjónarmiða.



Þau sjónarmið sem færð hafa verið fram í því sambandi, lúta einkum að því að það dragi úr vægi 4. mgr. 26. gr. að rétturinn sem þar er skilgreindur kemur sem viðbót við þann rétt sem annars er til staðar. Þar sem greinin veiti réttindi sem séu valkvæð í einhverjum skilningi, verði að telja ákvæðið þýðingarminna en ella.

Þetta er afstaða mennta- og menningarmálaráðuneytis, sem telur rétt skv. 4. mgr. 26. gr. valkvæðan og að færa megí rök fyrir því að þar sem ekki sé til staðar samningur við framhaldsskóla og námið er ekki hluti af skipulögðu námi grunnskóla sé rétturinn „ekki til staðar“. Ráðuneytið virðist einnig vísa til þess að kennsla í framhaldsskólum á grundvelli heimildar skólustjóra grunnskóla, sé háð fjárveitingum úr ríkissjóði með þeim hætti sem almennt gildi um þjónustustarfsemi ríkisins. Vísar ráðuneytið til 31. gr. grunnskólalaga, hvað þennan skilning varðar sérstaklega.

Ekki er hægt að slá því föstu hvernig dómstólar, eða umboðsmaður Alþingis, muni vega þessi atriði saman, verði lögmati synjunar framhaldsskóla borið undir þessa aðila. Fleiri hugtaksatriði við skilgreiningu á stjórnvaldsákvörðun kunna einnig að skipta máli í þessu sambandi.

Út frá almennum skýringarsjónarmiðum myndu löglíkur þó vera fyrir því að stjórnvöldin og aðrar meginreglur stjórnvöldanna eigi að gilda fullum fetum um slíka ákvörðun framhaldsskólans. Eins og áður segir mun það væntanlega vega þynnst við úrlausn að atbeini framhaldsskóla er óhjákvæmileg forsenda fyrir því að réttur skv. 4. mgr. 26. gr. verði virkur. Óásættanlegt sé að lög kveði á um einstaklingsbundinn rétt til þjónustu ríkisins, sem ekki er ætlunin að uppfylla.

Gangi það eftir er réttarstaða nemenda til muna sterkari en fyrirbyggjandi afstaða mennta- og menningarmálaráðuneytisins gefur til kynna.

Í svörum sem ráðuneytið hefur látið í té er því ekki svarað með neinum viðhlítandi hætti að skerðing á rétti grunnskólanemenda standist gagnvart ákvæðum stjórnarskrár um jafnræði og rétt til almennrar menntunar. Verður þó að gera þá kröfu að slíkar íþyngjandi athafnir framhaldsskóla séu studdar skýrum rökum og með vísan til annarra laga en fjárlaga.

Að teknu tilliti til þessa verður að telja viðbúið að synjun framhaldsskóla á skráningu og að veita kennslu í framhaldsskólaáföngum verði talin ólögmat.¹⁶

¹⁶ Hér er miðað við að dómstólar / umboðsmaður Alþingis beiti lögmatísreglu íslensks réttar. Sú reglan er tvíþætt þar sem annars vegar er prófað hvort athafnir stjórnvalds eigi sér stoð í lögum og hins vegar hvort athafnir þeirra brjóti í bága við lög. Sem dæmi um beitingu reglunnar má taka álit umboðsmanns Alþingis í máli nr. 4019/2004, þar sem fjallað var um það hvernig Vinnueftirlit ríkisins hefði framkvæmt nýjar skyldur sem á stofnunina voru lagðar með lögum árið 2003. Í álitinu sagði m.a.: „Það er grundvallarregla íslensks réttar að stjórnvöldin er lögbundin. Verkefni stjórnvalda verða því að styðjast við lagaheimildir. Af lögmatísreglunni leiðir einnig að hafi löggjafinn ákveðið með lögum að stjórnvald skuli sinna tilteknu verkefni er það á ábyrgð viðkomandi handhafa stjórnvöldanna að sjá til þess að skipulagi, starfsháttum og þekkingu hjá því stjórnvaldi sé þannig háttað að því sé með raunhæfum hætti kleift að sinna verkefninu. Að öðrum kosti getur sú hætta skapast að borgararnir fái ekki notið með viðhlítandi hætti þeirra réttinda eða hagsmuna sem nýrri löggjöf er ætlað að tryggja.“ <http://umbodsmaduralthingis.is/skyrslur/skoda.asp?Lykill=1064>



V. Hvaða faglegu afleiðingar mun ákvörðun ríkisvaldsins hafa?

Óumdeilt er að sú ákvörðun að fella niður þjónustu framhaldsskóla við nemendur í efstu bekkjum grunnskóla vinnur gegn markmiðum og anda nýrrar menntastefnu um að auka flæði og samfellu milli skólastiga. Í löggjöf er lögð rík áhersla á þessi atriði, eins og endurskoðuð heildarlög um skólakerfið frá 2008 bera með sér. Fram kemur í álitsbeiðni Sveitarfélagsins Árborgar að grunnskólanemendum, sem jafnframt stunda einingabært nám í framhaldsskóla, hafi fjölgað mjög á síðustu árum og verið 5,1% allra skráðra framhaldsskólanemenda haustið 2008.

Af hálfu mennta- og menningarmálaráðuneytisins er þó bent á að sveigjanleiki í skilum skólastiganna hafi ekki nýst nægilega vel og þörf sé á því að taka það atriði til sérstakrar skoðunar. Vísar ráðuneytið í því sambandi til nýrrar rannsóknar Gerðar G. Óskarsdóttur á skilum grunn- og framhaldsskóla í Reykjavík, en niðurstöður hennar sýna að einungis um 30% af einingum sem grunnskólanemendur taka á meðan þeir eru í grunnskóla eru metnar í framhaldsskólum. Nemendur þurfi því í mörgum tilvikum að endurtaka sama áfangann í framhaldsskóla með aukakostnaði fyrir ríkið.

Þessar vangaveltur breyta því hins vegar ekki að ákvörðun um niðurfellingu þjónustu mun snerta áætlanir fjölda nemenda í 9. og 10. bekk grunnskóla. Eins og að framan greinir í kafla III.1 má áætla að ákvörðunin hafi á árinu 2010 áhrif á hátt í 1.500 grunnskólanemendur sem hver um sig stundi nám í framhaldsskóla sem nemi a.m.k. einum valáfanga.

Það má því ljóst vera að þegar grundvöllinum er kippt undan þessu námsvali nemenda blasi víða mikill vandi við í grunnskólum, sérstaklega hvað varðar nemendur sem enn eiga eftir að ljúka öðru námi í 9. og 10. bekk. Rof verður í nám nemenda, sérstaklega þeirra sem stundað hafa nám í kjarnagreinum.

Grunnskólanum ber skv. 13. gr. grunnskólalaga að veita nemendum kennslu við sitt hæfi og í hvetjandi námsumhverfi. og þá væntanlega einnig í þeim greinum sem þeir annars áttu möguleika á, með heimild skólastjóra, að stunda á framhaldsskólastigi eða fylla að öðrum kosti upp með einhverju öðru efni svo lögbundnum tímafjölda skv. viðmiðunarstundaskrá sé náð. Grunnskólakennarar hafa almennt ekki réttindi til framhaldsskólakennslu og því sjaldnast um þann möguleika að ræða. Sú útfærsla myndi einnig kalla á gerð sérstakra samninga milli grunnskóla og framhaldsskóla, sbr. það sem fram kemur í svari menntamálaráðherra á Alþingi.

VI. Hver eru kostnaðaráhrifin?

Burtséð frá áhöldum um hvort það sé lögbundin skylda framhaldsskólanna að veita grunnskólanemendum kennslu og kosta hana af fjárveitingum sínum (sbr. kafla III. hér að framan) er nauðsynlegt að greina hvaða kostnaðaráhrif sú ákvörðun hafi á sveitarfélögin sem rekstraraðila grunnskóla, að fella niður framboð á fjarnámi grunnskólabarna í framhaldsskólum á árinu 2010.

Við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 2010 var gert ráð fyrir að ríkið myndi spara um 70 mkr. með því að fella niður þetta námsframboð. Eins og vikið er að hér að framan



má ætla, út frá fyrirbyggjandi gögnum um þann nemendahóp sem nýtt hefur sér framboðið, að þessi sparnaður sé varlega áætlaður og geti numið umtalsvert hærrí fjárhæð en 70 mkr.

Í áðurtilvitnuðu svari mennta- og menningarmálaráðherra á Alþingi segir:

„Það er alls ekki stefnan að færa kostnað við fjarnám grunnskólanemenda yfir til sveitarfélaga, en tímabundið munu sveitarfélög þurfa að hafa í boði valgreinar við hæfi allra nemenda á unglingastigi líkt og grunnskólalög gera ráð fyrir.“

Af þessu svari verður sú ályktun ein dregin að sveitarfélögin eigi ekki að þurfa að taka á sig aukinn kostnað vegna ákvörðunarinnar. Gangi það eftir verður að ætla að ríkið sé reiðubúið til þess að ráðstafa hluta sparnaðarins til þess að bæta upp þann kostnaðarauka sem sveitarfélögin verða fyrir.

Ljóst er að ákvörðun ríkisvaldsins er til þess fallin að auka útgjöld hlutaðeigandi grunnskóla sem gefa þarf kost á námsvali í stað þeirra framhaldsskólaáfanga sem synjun framhaldsskóla varðar. Óvíst er á þessu stigi hver kostnaðaráhrifin nákvæmlega verða en reikna má með því að þau verði minni en sem nemur þeim sparnaði sem ríkið aflar sér. Það er þó háð því að grunnskólarnir nýti til fullnustu þá hagræðingarmöguleika sem eru fyrir hendi skv. grunnskólalögum og bjóði t.d. nemendum upp á val með skipulögðu námi sem stundað er utan grunnskóla, t.d. við tónlistarskóla, eða að tímabundin þátttaka í atvinnulífi, félagslífi, íþróttum eða skipulögðu sjálfbodaðastarfi, sé metin sem hluti af grunnskólanámi sbr. 3. mgr. 26. gr. grunnskólalaga.

Fyrir hendi er farvegur fyrir mat á þessum kostnaðaráhrifum og hefur málinu verið vísað þangað. Eðlilegt er að starfshópur um mat á kostnaðaráhrifum afli gagna frá grunnskólum um útfærslu á námsvali í stað framhaldsskólaáfanga og leggi þau til grundvallar niðurstöðu um kostnaðaráhrif.

VII. Hvernig eiga skólastjórar grunnskóla að bregðast við beiðnum frá nemendum um heimild til þess að stunda nám í framhaldsskólaáföngum?

Berist beiðni frá nemanda um að stunda námsgrein í framhaldsskóla, er skólastjóra rétt að bregðast við með því að láta meta færni nemandans. Sé það niðurstaða mats að nemandinn hafi sýnt fullnægjandi færni í skilningi 4. mgr. 26. gr. grunnskólalaga, er skólastjóra skylt að samþykkja beiðnina. Þetta samþykki veitir skólastjórinn hins vegar einungis fyrir sitt leyti og með fyrirvara um að framhaldsskóli finnist sem veitt geti kennsluna.

Ákvörðun skólastjóra grunnskóla er kæránleg til mennta- og menningarmálaráðuneytis. Fyrirvarinn við samþykkið lýtur hins vegar að því hvernig kennslan er veitt og verður að líta svo á að hann verði sem slíkur ekki kærður til ráðuneytisins. Ennfremur mega skólastjórar almennt líta svo á að með samþykki hafi umsókn verið tekin til greina. Ekki ætti því að þurfa að veita kæruleiðbeiningar samhliða því að tilkynnt er um samþykkið. Ef hins vegar samþykki er ekki veitt, ber að veita leiðbeiningar í samræmi við 20. gr. stjórnsýslulaga.



Grunnskólum er ekki skylt að tryggja grunnskólanemendum nám á framhaldsskólastigi, jafnvel þótt nemendurnir uppfylli skilyrði til þess. Framhaldsskólaáfangar verða ekki kenndir af grunnskólakennurum, nema fyrir liggja samningur milli viðkomandi grunn- og framhaldskóla, þar sem kveðið er á um að ábyrgðin liggja hjá framhaldsskólanum. Sveitarfélög geta þannig hvorki borið faglega né fjárhagslega ábyrgð á því að nemendur eigi kost á þessari kennslu.

Fái grunnskóli upplýsingar um að ekki finnist framhaldsskóli, sem veitt geti kennslu, er grunnskólanum skylt að veita hlutaðeigandi nemanda kost á námsvali í stað þeirra framhaldsskólaáfanga sem ekki verða kenndir og þannig að lágmarksviðmiðum skv. VII. kafla grunnskólalaga verði náð.

Æskilegt er að skólinn haldi skrá um slík mál og veiti upplýsingar um þau verði eftir því leitað.

GB / SI / TrP

Alþingi
Erindi nr. D 138/2480
komudagur 20.5.2010

Menntamálanefnd Alþingis

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 92/2008 um framhaldsskóla. (Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009-2010.)

Reykjavík 17. maí 2010

Upplýsing – félag bókasafns og upplýsingafræða hefur fengið í hendur frumvarp til laga um breytingar á höfundalögum Þskj. 969– 578. mál.

Félagið fagnar þeim breytingum sem þar koma fram um að í öllum framhaldsskólum skuli gera ráð fyrir skólasafni eða tryggja með öðrum hætti aðgang nemenda að þjónustu slíks safns.

Félagið gerir því engar athugasemdir við frumvarpið.

F.h. Upplýsingar

Hrafnhildur Hreinsdóttir

